

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. október 2016
2016100002/42-8
OKN, TB
jgo/tb

Vindaborg - Vindorkugarður í Rangárþingi ytra, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 29. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun fyrir Vindorkugarð, Vindaborg, í Rangárþingi ytra. Fyrirhugað er að reisa 13 vindmyllur í nálægð við núverandi tvær vindmyllur í Þykkvabæ. Mastur hvernar vindmyllu yrði allt að 92,5 metra hátt með mesta þvermál snúningsflatar (spaða) 113 metrar þar sem hæsti punktur spaða í toppstöðu væri 149 metrar. Virkjunarsvæðið er áætlað 357 hektarar og verður norðan Þykkvabæjar í um 2,3 km fjarlægð frá þorpinu.

Almennt

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda matsáætlun. Að mati stofnunarinnar eru það sérstaklega þrjú þættir sem koma til með að hafa áhrif á náttúru og umhverfi og þarfnast góðra rannsókna og umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum. Í fyrsta lagi er hér átt við áhrif á landslag og ásýnd, í öðru lagi áhrif vegna hávaða og í þriðja lagi áhrif á lífríki, sérstaklega fugla.

Í samræmi við hlutverk Náttúrufræðistofnunar eru það fyrst og fremst áhrif á landslag og ásýnd og lífríki sem stofnunin beinir sjónum að. Hafa ber í huga að vindmyllur geta haft bæði bein og óbein áhrif á jarðminjar, verndaðar jafnt sem óverndaðar, og þar með áhrif á verndargildi þeirra og viðkomandi svæða. Þetta á t.d. við ef vindmyllur eru settar niður í jarðmyndanir eða í beinni sjónlínu við heildstæð náttúruvætti, gígaraddir eða aðrar einstakar jarðmyndanir s.s. stuðlaberg.

Í matsáætluninni kemur fram að fara á í rannsóknir á þessum þáttum landslagi og ásýnd og einnig jarðmyndunum, útbúa sýnileikakort o.s.frv., og rannsaka jarðfræði svæðisins. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við það sem kemur fram um rannsóknir á landslagi og jarðmyndunum frummatsskýrsla mun leiða í ljós hvernig til tekst

Umfjöllun um hljóðvist og áhrif af hávaða á fólk/byggð er utan hlutverks Náttúrufræðistofnunar. Stofnunin vill þó benda á að nú er í fyrsta sinn fyrirhugað að reisa vindmyllugarð hér á landi þétt við byggð og krefst það því mikillar varúðar og full ástæða til



að allar rannsóknir vegna hljóðvistar séu í hæsta gæðaflokki.

Eitt af hlutverkum Náttúrufræðistofnunar er að leiðbeina um hóflega landnotkun. Svo virðist sem að vindmylluorkuver séu að ryðja sér til rúms hér á landi og verður stofnunin að benda á að stjórnvöld hafa ekki mótað stefnu um vindmyllugarða hvorki í tengslum við t.d. lög um náttúruvernd, skipulagslög eða rammaáætlun. Öllum má vera ljóst að landslag og víðerni á Íslandi skipa stóran þátt í upplifun af náttúru landsins og þarf því að gæta vel að þessum þáttum til framtíðar. Ekki er ásætlanlegt fyrir framkvæmdaraðila né aðra hagsmunaaðila eða náttúru- og umhverfisvernd almennt að uppi sé ágreiningur og skortur á stefnumörkun eins og kemur fram á bls. 5 og 6 í matsáætluninni.

Fuglar

Sá þáttur sem Náttúrufræðistofnun telur að þarfnist verulegrar skoðunar og sérstakra rannsókna snýr að fuglum. Fyrirhugað vindmyllusvæði er staðsett í einni af megin farleiðum farfugla til og frá landinu vor og haust. Mikið er af álf, grágæs, heiðagæs, blesgæs, heiðlóu og fleiri tegundum á svæðinu. Þúsundir og mögulega tugþúsundir fugla koma þar við og éta í túnnum og ökrum. Nefna má í þessu sambandi að blesgæsir sem fara um svæðið tilheyrar grænlenku undirtegundinni *Anser albifrons flavirostris*, en þessi stofn stendur höllum fæti og er friðaður á Íslandi, í ríkjum Evrópusambandsins (sbr. Viðauka 1 í fuglatiskipuninni) og víðar. Svæðið er einnig mikilvægt fuglasvæði (Important Bird Area) samkvæmt Alþjóðlega fuglaverndarsamtökunum (BirdLife International), www.birdlife.org.

Nokkuð ber á því í matsáætluninni að frekar lítið sé gert úr áhrifum af núverandi vindmyllur og þörf á ítarlegum rannsóknum. Á bls. 3 í kafla 1.1.2. sem ber heitið *Áflugshætta - vöktun* er lýst áhrifum af núverandi tveimur vindmyllum. Textinn er frekar ónákvæmur og þar er í raun hvorki lýst raunverulegum niðurstöðum úr vöktun, né lagt mat á hver hin eiginlega áflugshætta sé, heldur er hér um lauslega lýsingu að ræða, t.d. er sagt að vel hafi verið fylgst með álfum og gæsum, og ályktanir dregnar af lýsingum frá ónafngreindum bændum á svæðinu.

Á bls. 14 er kafli um fuglalíf, lýsing á fánunni. Þó að matsáætlun sé ekki ætlað að lýsa áhrifum og meta þau þá er lýsingin ófullkomin og engin tilraun gerð til að lýsa vægi svæðisins fyrir farfugla sem leggur grunn að því hvers vegna þurfi að skoða suma þætti frekar en aðra

Á bls. 21 er kafli 4.4.3.2. Fuglar neðst á síðunni. Kaflinn er með villandi upplýsingar. Þar segir: „*Aðferðin sem stuðst verður við er sambærileg þeirri sem notuð var í rannsókn Landsvirkjunar: Fuglar og vindmyllur við Búrfell (Sigfusson A.Þ.; 2014)*“ og þar með gefið til kynna að Landsvirkjun hafi sætt sig við að beita þeirri aðferðafræði við rannsóknir á áhrifum vindmyllugarða á farfugla. Það er ekki rétt. Skýrsla A.Þ.S. 2014 veitti svo litlar upplýsingar að Landsvirkjun réðst í umfangsmeiri rannsóknir og fékk aðra rannsóknaaðila, Náttúrustofu Norðausturlands o. fl., til að vinna verkið (sbr. skýrsluna *Fuglar og vindmyllur í Búrfellslundi* sem Náttúrustofa Norðausturlands gaf út 2015 og er eftir Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Ib Krag Petersen, Thorsten J.S. Balsby, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson). Ekki er vitnað í þær rannsóknir í matsáætluninni en hún var grunnurinn að mati á umhverfisáhrifum vindmyllulundar við



Búrfell, en skýrslu Sigfusson A.Þ 2014 var ýtt út af borðinu. Ekki er þörf á að lýsa rannsóknum í fyrrgreindri skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands nánar hér enda þekkir Skipulagsstofnun þær vel vegna mats á umhverfisáhrifum Búrfellslundar. Náttúrufræðistofnun leggur mikla áherslu á að ráðist verði í rannsóknir svipaðar og þær sem framkvæmdar voru vegna Búrfellslundar. Stofnunin telur mjög mikilvægt að ekki verði eingöngu stuðst við rannsóknir sem gerða eru á einu ári þ.e. vor og haust, heldur sé eðlilegt að slíkar rannsóknir spanni minnst tvö ár. Tryggja þarf að rannsóknir lýsi umferð fugla bæði dag og nótt yfir fartímann.

Á bls. 22, er lýst flugmælingum sem ætlunin er að framkvæma vegna umhverfismats. Hér er lagt til að nota aðferðafræði sem ekki gekk upp við Búrfell, sjá hér að ofan. Þessi aðferðafræði er algjörlega óviðunandi miðað við mikilvægi svæðisins fyrir farfugla og fjölda þeirra fugla sem um það fer. Fartíminn á vorin hefst strax upp úr miðjum mars og varir fram í lok maí. Í matsáætluninni er gert ráð fyrir að styðjast við sjónmat í samtals 36 klst. í apríl og maí. Athuganirnar á síðan að endurtaka með sama sniði á öðrum árstímum. Nota á fjarlægðamæli til að meta fjarlægð í fugl og síðan gíska á flughæðina. Að mati Náttúrufræðistofnunar á að beita aðferðafræði hliðstæðri þeirri og gert var við Búrfell, þ.e. nota radar þannig að hægt sé að fá óbjagað mat á umferðina á öllum tímum dags og mælingar þurfa að spanna allan fartímann vor og haust.

Á bls. 22 er lýst aðferðum til að meta varpþéttleika. Ætlunin er að hafa 300 m á milli punkta. Miðað við stærðina á athuganasvæðinu (357 ha, bls. 18) og lögun þess sbr. mynd á bls. 2, þá mun verða hægt að koma fyrir um 20 talningapunktum, sem er mjög lág tala. Til að meta með einhverjum trúverðugleika þéttleika varpfugla þá þarf að minnsta kosti 60-90 athuganir fyrir hverja tegund og það er útilokað að það náist með svo fáum punktum. Ljóst að með þessum aðferðum fæst aðeins gróf vísbending um þéttleika varpfugla. Aðferðafræðina þarf að bæta.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að það séu gallar á bæði aðferðum við að meta varpþéttleika og áflugshættu. Miðað við eðli framkvæmdarinnar og mikilvægi svæðisins fyrir fugla, á landsvísu og alþjóðavísu, verður að krefjast þess að rannsóknir vegna áflugshættu séu áreiðanlegar og í hæsta gæðaflokki.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

